

## REGLUGERÐ

### um hámarkstölu vörubifreiða í Rangárvallasýslu.

#### 1. gr.

Sýslunefnd getur, að fengnum tillögum Vörubílstjórafélagsins Fylkis í Rangárvallasýslu, og með samþykki samgöngumálaráðuneytisins, ákveðið hámarkstölu þeirra vörubifreiða í Rangárvallasýslu, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun.

#### 2. gr.

Áður en sýslunefnd ákveður hámarkstölu, skv. 1. gr., skal félagið láta henni í té skýrslu um atvinnuhorfur stéttarinnar, og skal þar einnig greint frá, hvort fækkað hafi í stéttinni á s. l. 12 mánuðum, og ef svo er, þá um hve marga, og hve margar inntökubeiðnir hafa borizt félaginu, svo og öðru því er máli skiptir. Enn fremur skal félagið láta sýslunefnd í té rökstudda tillögu um hámarkstölu vörubifreiða á næsta tímabili, sbr. 3. gr.

Áður en sýslunefnd ákveður hámarkstölu, skal hún leita álits samtaka vinnuveitenda um málið.

#### 3. gr.

Í októbermánuði ár hvert tekur sýslunefnd ákvörðun um hver hámarkstala skuli vera, og má hún aldrei vera lægri en tala starfandi vörubifreiða hjá Völubílstjórafélaginu Fylki 1. þess mánaðar. Ákvörðun skv. 1. mgr. gildir í eitt ár í senn, frá 1. nóvember til jafnlengdar næsta ár.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins er skylt að veita sýslunefnd allar þær upplýsingar, sem sýslunefnd telur nauðsynlegar í sambandi við framkvæmd samþykktar þessarar.

Ef atvinnuástand breytist verulega á tímabilinu, getur sýslunefnd breytt ákvörðun um hámarkstölu að fengnum tillögum þeirra aðila, er getur um í 2. gr., og samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

#### 5. gr.

Samþykkt þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða né vörubifreiða, sem eru í eign einstakra atvinnufyrirtækja og hafa ekki aðild að Vörubílstjórafélaginu Fylki. Ef ágreiningur rís um, hvort bifreið skuli teljast vörubifreið eða sendiferðabifreið samkvæmt samþykkt þessari, sker sýslunefnd úr því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 1 31. janúar 1966, um leigubifreiðar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1966.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*